# Ársfundur Háskóla Íslands 2025

Jón Atli Benediktsson, rektor



# Starf og stefna Háskóla Íslands

- Markviss þróun háskóla er forsenda þess að þeir standi sterkir í síharðnandi samkeppni háskóla á alþjóðavísu
- Síðastliðna tvo áratugi hefur Háskóli Íslands lagt aukna áherslu á að setja sér og framfylgja markvissri stefnu fyrir alla starfsemina



# Stefna Háskóla Íslands 2021-2026

## HÍ26

## Opinn og alþjóðlegur

**ÞVERFAGLEGT STARF**
Umgjörð starfsins styðji í hvívetna við þverfaglegt samstarf í kennslu, rannsóknum og öllu starfi skólans

**ALÞJÓÐATENGSL**
Sameiginlegum námsleiðum með erlendum háskólum verði fjölgað, tækifæri til skiptináms aukin og stutt við alþjóðlegt rannsóknasamstarf

**NÝSKÖPUN OG FRAMFARIR**
Umhverfi nýsköpunar nemenda og rannsakenda verði eflt í samstarfi við Vísindagarða, atvinnulíf og samfélag. Stuðlað verði að eflingu íslenskunnar í heimi breytinga

**STARFSHÆFNI NEMENDA**
Aðgengi að símenntun verði eflt og áhersla lögð á hæfni nemenda til að takast á við fjölbreytt störf og áskoranir í kvikum og tæknivæddum heimi

## Sjálfbærni og fjölbreytileiki

**ÞEKKING Í ÞÁGU SJÁLFBÆRS SAMFÉLAGS**
Háskólinn verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar

**SJÁLFBÆR STARFSEMI**
Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnutímabilinu sem byggi á markmiðum Íslands í þeim málaflokki

**FJÖLBREYTT HÁSKÓLASAMFÉLAG**
Háskólinn verði enn betri vinnustaður sem tryggi jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn nemenda og starfsfólks. Stutt verði sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna og áhersla lögð á fjölbreytileika nemendahópsins

**SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ**
Kortlagning á hagsmunaaðilum og áætlun og aukinn stuðningur við miðlun og samstarf, með áherslu á milliliðalaust samtal rannsakenda og samfélags til að bregðast við falsfréttum, auka traust á vísindum og undirbyggja opinbera stefnumótun

## Afl á grunni gæða

**NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA**
Notendamiðuð þjónusta sem byggir á þörfum nemenda, starfsfólks og stjórnenda verði í forgrunni í starfsemi skólans með stafrænni umbreytingu

**GÆÐI NÁMS Í FYRIRRÚMI**
Kennsluhættir og námsframboð verði í sífelldri þróun og burðarstólpi í gæðastarfi skólans með námsánægju og gæði að leiðarljósi. Áhersla verði á þróun stafrænna kennsluhátta, fjarnáms og opinna netnámskeiða

**VANDAÐ FRAMHALDSNÁM**
Áhersla verði lögð á að styrkja umgjörð og fjármögnun doktorsnáms og að námsframboð á meistarastigi verði eflt

**FRAMÚRSKARANDI VÍSINDI**
Stuðningur við rannsakendur verði efldur með bættu aðgengi að styrkjum og rannsóknarinnviðum, sem og opnum og betri aðgangi að rannsóknagögnum og niðurstöðum

## Góður vinnustaður

HÍ

**MANNAUÐUR OG STARFSGLEÐI**
Stuðlað verði að hvetjandi starfsumhverfi með vellíðan nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, sem laðar til sín metnaðarfullt fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Stjórnun verði efld með stuðningi, styrkari umgjörð, fræðslu og þjálfun

**INNVIÐIR RANNSÓKNA OG KENNSLU**
Rannsóknainnviðir, aðstaða og húsnæði styðji við markmið um framþróun rannsókna og kennslu, svo og þverfræðilegt starf og gæði í starfsemi skólans

**FARSÆLT HÁSKÓLASVÆÐI**
Heildstæð sýn á skipulag háskólasvæðisins stuðli að jöfnu aðgengi og samheldnu þekkingarsamfélagi nemenda og starfsfólks af öllum fræðasviðum. Algild hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar verði í forgrunni

**FJÁRMÁL OG REKSTUR**
Fjármögnun, hagræði og skilvirkni í rekstri verði tryggð. Fjármögnun og launasetning endurspegli stefnu skólans

# Verkefnastofnar

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Alþjóðlegt samstarf um kennslu | Mannauður, vinnustaðamenning og þróun stjórnunar | Notendamiðuð þjónusta og stafræn umbylting stjórnsýslu | Samfélagsleg nýsköpun, framfarir og starfshæfni nemenda | Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar |
| Sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans | Styrkjasókn, nýliðun í vísindum, opin vísindi og siðferði vísinda | Umgjörð, fjármögnun og gæði meistara- og doktorsnáms | Uppbygging rannsókna- og kennsluinnviða og þróun háskóla-svæðisins í heild | Upplýsingatækni í kennslu, námsframboð og fjölbreytileiki nemendahópsins |

# Dæmi um yfirstandandi verkefni

| | |
|---|---|
| Alþjóðastofn | Áhersla á Aurora-samstarf, s.s. samþættingu upplýsingakerfa er tengjast námi og kennslu við aðra Aurora-háskóla |
| Mannauðsstofn | Velferðartorg fyrir starfsfólk tekið í notkun, samskiptasáttmáli undirbúinn og virðismatskerfi fyrir stjórnsýslustarfsfólk innleitt |
| Notendamiðuð þjónusta | Þjónustumiðja sett á fót á íslensku og ensku, þjónustuborð sameinuð og beiðnakerfið Zendesk tekið í notkun |
| Nýsköpunarstofn | Aukin samlegð við Vísindagarða og Tengslatorg; samstarf við önnur skólastig um nýsköpun og vísindi eflt |
| Samfélagsstofn | Rannsóknastarf gert sýnilegra alþjóðlegu vísindasamfélagi með áherslu á enskan vef skólans |
| Sjálfbærnistofn | Fyrirlestraröðin „HÍ og heimsmarkmiðin“ endurvakin. Aukin meðvitund og skilningur á sjálfbærni með kynningum, vinnustofum og mælaborðum yfir sjálfbærniáherslur í rannsóknum og kennslu |
| Vísindastofn | Aukinn stuðningur við rannsakendur í styrkjasókn, rafrænir rannsóknainnviðir stórefldir |
| Framhaldsnámsstofn | Aukin áhersla á þjálfun leiðbeinenda og bætta ferla, auk þess að efla rafrænt umsýslukerfi doktorsnáms |
| Innviðastofn | Samstarf innan og utan Háskólans um rannsóknainnviði stóreflt, m.a. með skráningu rannsóknainnviða |
| Kennslustofn | Ný rafræn kennsluskrá og aukinn stuðningur við nemendur |

## Efling upplýsingatækni í samræmi við áherslur HÍ26

- Með stofnun upplýsingatæknisviðs hefur upplýsingatæknin verið samþætt öllu starfi HÍ
- Innleiðing nýrra kerfa: Canvas, Inspera, Panopto o.fl.
- Skrifstofulausnir, Microsoft 365
- Efling Uglu, fjölgun forritara, nýjar lausnir, þróun kerfa (umsóknarkerfi/samskiptagátt, Doktorsnáma, Stúdentasýsl o.fl.)
- UT-lausnir fyrir rannsóknaverkefni og rannsóknarstofnanir
- Rafrænn rannsóknarinnviður IREI
- Aukið reikniafl, gagnageymslur, miðlun gagna og ráðgjöf
- Byggt m.a. á 500 m.kr. styrk úr Innviðasjóði Rannís

# Háskólaráð 2024-2026





## Rektor og forsetar fræðasviða

- Sigurður M. Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs
- Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs
- Jón Atli Benediktsson, rektor
- Unnur Anna Valdimarsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs
- Stefán Hrafn Jónsson, forseti Félagsvísindasviðs



# Undirritun samkomulags um stjórnskipulag samstæðu HÍ og Háskólans á Hólum

# Starfsstöðvar háskólasamstæðunnar á Íslandi




HÍ
HÍ í tölum

| Árið 2024 í hnotskurn | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Akademískt starfsfólk | 626 | 630 |
| Annað starfsfólk við kennslu og rannsóknir | 717 | 740 |
| Stjórnsýsla, stoðþjónusta, tæknistörf | 499 | 491 |
| **Ársverk starfsfólks** | **1.842** | **1.860** |
| Starfsánægja* | | 78% |
| Fjöldi skráðra nemenda | 14.848 | 15.063 |
| Fjöldi alþjóðlegra nemenda | 2.358 | 2.177 |
| **Ársverk nemenda**** | **9.124** | **9.346** |
| Námsánægja grunnnema*** | 77% | 76% |
| Brautskráðir grunnnemar | 1.525 | 1.635 |
| Brautskráðir meistaranemar | 741 | 761 |
| Brautskráðir doktorsnemar | 81 | 79 |
| Aðrar brautskráningar (viðbótarnám, diplóma) | 1.137 | 1.203 |
| **Brautskráningar samtals** | **3.484** | **3.678** |

* Könnun gerð á tveggja ára fresti, næst vorið 2025.
** Uppreiknaður fjöldi nemenda í fullu námi (60 ECTS á ári).
*** Byggt á árlegri könnun meðal nemenda á 3. ári í grunnnámi.

| Árið 2024 í hnotskurn | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Alþjóðlegar birtingar (Scopus) | 1.505 | 1.443 |
| Birtingar í erlendu samstarfi (%) | 72,5% | 75% |
| Fjöldi virkra einkaleyfa | 5 | 4 |
| Fjöldi einkaleyfisumsókna | 14 | 3 |
| Fjöldi nytjaleyfissamninga | 2 | 2 |
| Fjöldi sprotafyrirtækja | 22 | 20 |
| Rannsóknastyrkir (í m.kr.) | 7.100 | 6.700 |
| Traust almennings til Háskóla Íslands**** | 73% | 73% |

**** 2. sæti í árlegri mælingu Gallup á trausti til stofnana.

# Alþjóðleg staða, rannsóknir og nýsköpun



# Þróun fjölda erlenda nemenda við HÍ frá árinu 2000



# Aurora samstarfsháskólarnir

1. Háskóli Íslands
2. VU Amsterdam
3. Copenhagen Business School
4. University Duisburg-Essen
5. Palacký University Olomouc
6. University of Innsbruck
7. University of Rovira i Virgili
8. University of Naples Federico II
9. University Paris-Est Créteil

\+ University of Minnesota





Samstarfsnefnd háskóla á Norðurlöndum (NUS)

# STAÐA HÍ Á HEILDARMATSLISTUM OG FRÆÐASVIÐSLISTUM

Háskólum á heimsvísu raðað eftir árangri samkvæmt skilgreindum mælikvörðum í rannsóknum og kennslu

Háskóla Íslands er raðað á öllum helstu matslistum þ.á m. THE og ARWU

THE Subject Rankings 2025 (kynntur 2024)

| | |
|---|---|
| 251.-300. | ▪ Lífvísindi |
| 301.-400. | ▪ Hugvísindi |
| 401.-500. | ▪ Félagsvísindi<br>▪ Klínísk heilbrigðisvísindi<br>▪ Menntavísindi<br>▪ Sálfræði<br>▪ Raunvísindi<br>▪ Verkfræði og tækni |
| 601.-800. | ▪ Viðskipti og hagfræði |

ARWU Subject Rankings 2024

| | |
|---|---|
| 51.-75. | ▪ Fjarkönnun |
| 151.-200. | ▪ Hjúkrunarfræði |
| 201.-300. | ▪ Jarðvísindi<br>▪ Stjórnmálafræði |
| 301.-400. | ▪ Lýðheilsuvísindi<br>▪ Menntavísindi<br>▪ Vistfræði |
| 401.-500. | ▪ Klínísk læknisfræði<br>▪ Líffræði<br>▪ Sálfræði<br>▪ Umhverfisvísindi og -verkfræði |

Fjöldi fræðasviðslista sem HÍ er á





## Times Higher Education, áhrif á heimsmarkmið SÞ (SDG)

- Birtingatölfræði vísindagreina fyrir hvert af 17 heimsmarkmiðunum
- Sjálfbærniskýrsla HÍ er mjög mikilvæg
- HÍ er í sæti 201-300

# Fjöldi birtinga HÍ í alþjóðlegum gagnagrunnum 2000-2024



# Félagsvísindi – þróun fjölda Scopus greina ásamt vigtuðum áhrifastuðli



# Heilbrigðisvísindi – þróun fjölda Scopus greina ásamt vigtuðum áhrifastuðli



# Hugvísindi – þróun fjölda Scopus greina ásamt vigtuðum áhrifastuðli



# Menntavísindi – þróun fjölda Scopus greina ásamt vigtuðum áhrifastuðli



# Verkfræ ði og náttúruvísindi – þróun fjölda Scopus greina ásamt vigtuðum áhrifastuðli



# Hlutfall sameiginlegra birtinga með atvinnulífi





# Aldrei verið blómlegra nýsköpunarstarf í Háskóla Íslands en núna

# Fjöldi sprotafyrirtækja



# Sproti – eignarhaldsfélag um sprotafyrirtæki Háskóla Íslands

HÍ

Atmonia
Towards a sustainable future

Oxymap

oculis

akthelia
PHARMACEUTICALS

ISNIC
the .is registry

GREIN
RESEARCH

TARAMAR

LIPID
PHARMACEUTICALS

CAPRETTO

FLOREALIS

fiix

RISK
medical solutions

marsýn

Carbfix

MINAYO

Orkusproti ehf.

NúnaTrix
educational games

ÍSLENSK NÝ ORKA ehf
ICELANDIC NEW ENERGY Ltd.

BioCule

KC

HUGARHEILL

Artica

Heilsugreind

Intranasally ehf.




# Nýsköpunarhraðlar

- Gulleggið – nýsköpunarhraðall KLAK-Icelandic Startups fyrir nemendur
- HÍ-AWE (Academy for Women Entrepreneurs) – frumkvöðlahraðall fyrir konur
- Snjallræði – samfélagshraðall fyrir frumkvöðlastarfsemi sem byggir á heimsmarkmiðum SÞ



## Vísindagarðar HÍ - tengslatorg nýsköpunar á Íslandi

- Sprota- og frumkvöðlasetur
- KLAK Icelandic Startups
- Íslensk erfðagreining
- Alvotech
- CCP
- Djúptæknikjarni í undirbúningi



# Framkvæmdir og skipulagsmál

# Undanfarinn hálfur annar áratugur hefur verið mesta uppbyggingarskeið í 114 ára sögu Háskóla Íslands

- Háskólatorg og Gimli (2007)
- Stúdentagarðar við Oddagötu
- Veröld – hús Vigdísar (2017)
- Setberg (2018)
- Gróska (2020)
- Viðbygging við Gamla garð (2021)

- Edda (2023)
- Loftskeytastöðin endurgerð og með nýtt hlutverk
- Saga (2025)
- Nýtt heilbrigðisvísindahús í byggingu
- Djúptæknikjarni

# Ný þróunaráætlun fyrir svæði Háskóla Íslands



- Samvinnuverkefni HÍ og Reykjavíkurborgar um mótun heildarsýnar fyrir háskólasvæðið og samþættingu þess við Borgarlínu
- Áhersla á grænan ‚kampus' með einkennandi hringgarði sem tengir saman háskólasvæðið austan og vestan Suðurgötu
- Borgarlína fer um Suðurgötu (sem verður vistgata) og Vatnsmýri
- Undirgöng undir Hringbraut
- Vistvænir samgöngumátar – margvíslegar lausnir í farvatninu, s.s. gjaldtaka fyrir bílastæði, deilibílar, deilihjól, bætt aðstaða fyrir hjólreiðafólk, samstarf við Strætó o.fl.
- Þróunaráætlunin var samþykkt í háskólaráði og borgarráði í desember 2024





# Ársreikningur og fjármál

# Ársreikningur 2024

Lykilstærðir (í þús.kr.)

| Rekstrarreikningur | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Tekjur: | | |
| Framlög ríkissjóðs | 24.364.600 | 23.404.400 |
| Aðrar tekjur | 12.554.188 | 11.749.887 |
| **Tekjur samtals** | **36.918.788** | **35.154.287** |
| Gjöld: | | |
| **Gjöld samtals** | **37.097.682** | **35.676.014** |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | **-178.894** | **-521.727** |
| Fjármunatekjur (fjármunagjöld) | 462.499 | -501.963 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga | 528.003 | 378.684 |
| **Afkoma ársins** | **811.608** | **-645.007** |

| Efnahagsreikningur | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Eignir samtals | 26.437.163 | 24.728.784 |
| Skuldir samtals | 17.303.774 | 16.996.025 |
| Eigið fé | 9.175.926 | 7.732.759 |



HÍ

# Frábær árangur akademísks starfsfólks HÍ á sviði öflunar samkeppnisstyrkja

- Alþjóðlegir styrkir, þ. á m. European Research Council (ERC) styrkir
- Markviss sókn í nýjustu áætlun Evrópusambandsins, „Horizon Europe“

# Styrkir úr Horizon Europe áætluninni 2021-2024






## Samanburður á útgjöldum á hvern ársnema á Norðurlöndum 2008-2021 (USD á verðlagi hvers árs)



# Heildartekjur pr. ársverk stúdenta í háskólum, ppp leiðrétt í þús. króna



# Fjöldi ársnema og heildartekjur pr. ársnema hjá HÍ
(leiðrétt fyrir framlagi v/ Fasteigna HÍ og Raunvísindastofnunar)



HÍ